


Áhrif sjávar á blöndun og ísbráðnun í Jökulsárlóni á Breiðamerkursandi.

Jón Ólafsson^{1,2}, Helgi Björnsson¹, Finnur Pálsson¹, Andri Gunnarsson³, Sveinbjörn Steinþórsson¹ og Einar Björn Einarsson⁴,

1 Jarðvísindastofnun Háskólans, 2 Hafrannsókarstofnun, 3 Landsvirkjun, 4 Jökulsárlón ehf.



Ísjakar brotna af jökulsporðinum, fljóta um lónið og bráðna þar. Hlýr sjór fellur á flóði upp ána inn í lónið og flýtir fyrir ísbráðnun.

Rætt hefur verið um að loka mætti útfalli Jökulsár og veita afrennsli frá lóninu um annan farveg þar sem sjór næði ekki að bera varma að jökli.

Rannsóknir á Jökulsárlóni og Breiðamerkurjökli miða að því að auka skilingu á ferlum sem ráða vexti lónsins: afkomu jökulsins, ísflæði, kelfingu og orkuskiptum.

